

(B. XII, 1).

**Nd.**

**34. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Lög nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn, eru úr gildi numin.

2. gr.

Alþingi ákveður í fjárlögum framlög til utanríkismála og skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1925.

### Greinargerð.

Mál það, sem frv. þetta fjallar um, er svo margrætt, að óþarfi er að löng greinargerð fylgi. Ástæðurnar fyrir afnámi hins dýra sendiherraembættis eru margteknar fram bæði innan þings og utan.